

Sþ.

87. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um fjárveitingu til jarðborana í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afla sér heimildar fyrir 500 þúsund króna fjárveitingu til að standast kostnað við jarðboranir á næsta ári til öflunar neyzluvatns í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að bora eftir neyzluvatni í Vestmannaeyjum með þeim tækjum, er fyrir hendi voru, en árangur eigi orðið sá, er skyldi. Má ætla, að þurft hefði miklu betri tæki til þessara borana en vól hefur verið á fram að þessu. Það, sem forráðamenn jarðborana ríkisins kalla „djúpbörun“, hefur eigi enn verið reynt að framkvæma í Eyjum, en slíka börun er nauðsynlegt að fá framkvæmda nú, þegar svo er komið, að tæki eru til hér á landi til slíks.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur falið flm. þessarar till. að flytja mál þetta, og fylgir hér með útdráttur úr fundargerð bæjarstjórnarinnar frá 4. október þ. á. um málið og skýringar þær, sem bæjarstjóri Vestmannaeyjakaupstaðar hefur sent varðandi þetta mál.

Fylgiskjal I.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Ár 1956, fimmtudaginn 4. okt., var haldinn almennur fundur í bæjarstjórn Vestmannaeyja, og hófst hann kl. 2 e. h. Fundurinn var haldinn í samkomuhúsi Vestmannaeyja hér, og hafði verið boðað til hans með uppfestum auglýsingum og með því að senda fulltrúum dagskrár.

Mættir voru: Páll Þorbjörnsson (varam.), Ársæll Sveinsson, Páll Scheving, Hrólfur Ingólfsson, Sveinn Guðmundsson, Tryggvi Gunnarsson, Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri og Torfi Jóhannsson bæjarfógeti (varam.).

Fyrir var tekið:

— — —

Svo hljóðandi tillaga kom fram frá meiri hluta bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn samþykkir að skora á þingmann kjördæmisins og Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm., að beita sér fyrir, að tekið verði inn á fjárlög ríkisins næsta ár kr. 500 þúsund til greiðslu kostnaðar við jarðborun til öflunar neyzluvatns hér í Eyjum. Samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

— — —

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Páll Scheving, Hrólfur Ingólfsson, Tryggvi Gunnarsson, Páll Þorbjörnsson,
Sveinn Guðmundsson, Ársæll Sveinsson, Torfi Jóhannsson,
Guðlaugur Gíslason.

Rétta útskrift staðfestir: pr. bæjarstj. í Vestmannaeyjum,

Kristjana Ólad.

Fylgiskjal II.

Í sambandi við tillögu bæjarstjórnar um ríkisframlag til öflunar neyzluvatns vill bæjarstjóri taka fram það, er hér segir:

Mál þetta hefur verið rætt við forráðamenn jarðborunar ríkisins, og hefur við þær umræður komið í ljós, að ef gera á úrslitatilraun, ef til vill með því, sem þeir kalla „djúpbörun“, til að kanna endanlega, hvort möguleiki er á að afla hér neyzluvatns með jarðborun, þá kann að það að kosta svo mikið fé, að bænum er það algerlega ofvaxið án aðstoðar ríkisins. En tilraun þessa verður að gera hér fyrir en síðar. Vatnsveita verður að koma hér, ef þess er nokkur kostur. Þörfin fyrir meira vatn eykst með hverju árinu, sem líður. Vatnssalerni og önnur hreinlætistöki eru nú komin í allflest hús hér. Hefur bæjarsjóður í mörgum tilfellum greitt götu manna í þessu sambandi, og er stefnt að því, að þessi mál verði komin í fullkomið lag fyrir lok næsta árs. Útheimtir þetta að sjálfsögðu meira vatn til almennrar notkunar. Auk þess krefst fiskiðnaðurinn síaukins vatns. Hafa fiskiðjuverin skrifað bæjarstjórn og krafist úrbóta í sambandi við sín mál. Hafa þau bent á, að þau séu nú öll að kaupa mjög dýrar vélar (flökunarvélar), sem þvo verði upp úr rennandi vatni, en ekki sjó, eins og þau nota nú á aðrar vélar hjá sér. Auk þess stefna þau að auknu hreinlæti á öllum sviðum í sambandi við framleiðslu sína, en slíkt útheimtir að sjálfsögðu óhjákvæmilega aukið vatnsmagn.

Er af öllu þessu ljóst, að stefna verður að því að koma hér upp vatnsveitu, en slíkt verður ekki gert, svo að gagni komi, ef ekki tekst að ná hér vatni með jarðborun. Úrslitatilraun í því sambandi verður því að gera og það fyrir en síðar.